

## Reglur um styrki til framkvæmda sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni vegna náttúruhamfara

### 1. gr.

Markmið með reglum þessum er að við veitingu styrkja sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni vegna náttúruhamfara á grundvelli 21. gr. laga nr. 55/1992, sé unnið eftir samræmdu og gegnsæju verklagi og gætt að vandaðri málsmeðferð styrkja. Reglur þessar ná ekki til heimildar NTÍ um að veita fé til rannsókna, fræðslu- og þjálfunarmála.

### 2. gr.

Styrkir eru aðeins veittir til framkvæmda í tengslum við húseignir sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna og mannvirki skv. 2. mgr. 5. gr. laganna. Um er að ræða framkvæmdir sem NTÍ telur að dragi úr áhættu stofnunarinnar af völdum náttúruhamfara skv. 4. gr. laganna og nánar er skilgreint í 2. gr. reglugerð nr. 700/2019. NTÍ getur haft frumkvæði að samstarfi við váttryggða um framkvæmdir, í því skyni að draga úr áhættu til framtíðar.

### 3. gr.

NTÍ skal huga að fordæmisgildi styrkveitingar. Markmiðið er að styrkir séu til óvenjumikillar og afmarkaðrar áhættu einstakra eigna, en ekki vegna áhættu sem er almenn eða víðtæk á stóru svæði.

Styrkur getur aldrei orðið hærri en mat NTÍ á væntu tjóni á líftíma húseignar eða mannvirkis.

### 4. gr.

Almennt skal miðað við að mótframlag komi frá öðrum aðila eða aðilum til þeirra framkvæmda sem styrkt eru af NTÍ, þannig að ekki sé einvörðungu um að ræða framlag stofnunarinnar.

### 5. gr.

Við úthlutun á styrkjum skal ávallt gæta að hlutlægni, gagnsæi og jafnræðissjónarmiðum. Umsóknum skal fylgja:

- a) Greinargóð lýsing á framkvæmd sem sótt er um styrk fyrir, þ.m.t. lýsing á váttryggðri eign, lýsing á áhættu sem NTÍ váttryggir gegn, sbr. lýsingu á markmiði með framkvæmd í 2. gr. reglna þessara.
- b) Ef fyrir liggur áhættumat frá sérfróðum aðilum, eins og Veðurstofu Íslands, skal það fylgja með umsókn.

- c) Ef fyrir liggja skipulagsáætlanir eða önnur fyrirmæli frá opinberum aðilum, sem varða umsóknina, skulu þau fylgja með.
- d) Sundurliðuð kostnaðaráætlun við framkvæmdir. Í kostnaðaráætlun skal koma fram fyrir hvaða hluta framkvæmdar sótt er um styrk til NTÍ.
- e) Tímaáætlun og fyrirhuguð verklok.
- f) Önnur fjármögnun framkvæmda ef við á, og gögn því til stuðnings
- g) Aðrar upplýsingar ef við á.

6. gr.

Styrkjum hvers starfsárs er úthlutað að hausti. Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem uppfylla þær kröfur sem settar eru í reglum þessum. Sé umsókn ekki fullnægjandi skal gefa umsækjanda tíu virka daga til úrbóta, að öðrum kosti telst hún ógild.

7. gr.

Umsóknir skulu metnar og þeim forgangsraðað m.a. með hliðsjón af:

- a) Lýsingu á framkvæmd sbr. a lið í 5. gr. og hvort líklegt sé að hún skili tilætluðum árangri.
- b) Ávinningi af því að draga úr váttryggingaráhættu, t.d. metinn kostnaður af framkvæmd, sem hlutfall af væntu tjón á líftíma eignar.
- c) Hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf.
- d) Hvort sami aðili hafi áður hlotið styrk vegna framkvæmda.

8. gr.

Almennt skal miða við að styrkur sé greiddur í einni greiðslu eftir að framkvæmd lýkur. NTÍ getur greitt styrkinn eftir framvindu, í fleiri en einni greiðslu, ef um stóra framkvæmd er að ræða.

9. gr.

Vísitandi rangar upplýsingar geta valdið því að styrkur falli niður, eða gerð sé endurkrafa á styrkhafa vegna framlaga sem þegar hafa verið greidd út.

Samþykkt af stjórn NTÍ, 14. október, 2021